



Skeiða- og Gnúpverjahreppur,  
b.t. sveitarstjórnar og sveitarstjóra.

4. ágúst 2020

Ágætu sveitarstjórnafulltrúar og sveitarstjóri.

Um árabil hafa garðyrkjustöðvar á Íslandi nýtt vikur frá Heklu sem ræktunarefni, bæði hreinan vikur sem rótarbeðsefni og til íblöndunar í gróður mold. Vikurinn hefur verið tekinn úr námu við Reykholt á afrétti Flóa- og Skeiðamanna og ekki verður betur séð en gert sé ráð fyrir efnistökkunni, allt að 5.000 rúmmetrum á ári, skv. staðfestu skipulagi sveitarfélagsins.

Vikurinn úr þessari námu hentar afar vel til ræktunar eða íblöndunar við garðyrkju þar sem hann er hreinn og kornstærð. Slíkir eiginleikar eru mjög mikilvægir í ræktun vegna rakadrægni og loftunareiginleika. Þar sem þessi vikur hefur áður nefnda eiginleika frá náttúrunnar hendi er hann mun hagkvæmari en vikur sem þarf að flokka, hreinsa og blanda í heppilega kornstærð.

Nú hefur námunni verið lokað og ekki hefur gefist ráðrúm til að leita annarra lausna með þeim skamma fyrirvara sem uppi var. Skorur á aðföngum til ræktunar mun þýða að ræktunin verður kostnaðarsamari og innflutningur og/eða flutningur um langan veg mun hafa í för með sér neikvæðari umhverfisáhrif en núverandi fyrirkomulag. Stærstur hluti af garðyrkju fer fram á Suðurlandi og hefur því nándin við námuna haft mikinn kost í för með sér og áframhaldandi vöxtur og uppbygging í garðyrkju á svæðinu er framundan með tilheyrandi atvinnusköpun og þörf fyrir aðföng.

Fulltrúar Sambands garðyrkjubænda, ásamt garðyrkjuráðunauti, óska hér með eftir að fá að koma til fundar við sveitarstjórn og sveitarstjóra og fara yfir þessi mál í því skyni að leita lausna.

Með bestu kveðjum,

f.h. Sambands garðyrkjubænda

Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri,

Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík,

Sími 563 0328, Netfang: [gardyrkja@gardyrkja.is](mailto:gardyrkja@gardyrkja.is)